



Reykjavík, 8. september 2020

VEL2020050014

5.4

Ráðhús Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um að enginn verði án matar - R20050037

Á fundi velferðarráðs þann 24. júní 2020 var lögð fram umsögn sviðsstjóra velferðarsviðs um tillögu borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands, sbr. 5. lið fundargerðar borgarstjórnar þann 5. maí 2020, um að enginn verði án matar.

Tillagan var felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstrri grænna gegn þremur atkvæðum fulltrúa Flokks fólksins, Sósíalistaflokks Íslands og Sjálfstæðisflokkssins.

Eftirfarandi bókanir voru lagðar fram:

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstrri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Í samráðsgátt stjórnarráðsins eru tillögur að aðgerðum gegn matarsóun þar sem ein aðgerðin er að stofnaður verði matarbanks með það að markmiði að minnka sóun í verslun og matvælaiðnaði og koma matvælum sem uppfylla kröfur til þeirra sem þurfa. Það er jákvætt skref sérstaklega ef litið er til loftlagsmála og nauðsyn þess að draga stórlega úr losun gróðurhúsalofttegunda. Auk þess sinna amk. fjögur félagasamtök sem starfa í Reykjavík matargjöfum eða veita stuðning til þess að kaupa matvæli. Langtíma markmið hvers samfélags ætti þó alltaf að vera að enginn verði að treysta á matargjafir til að nærist og að framfærsla dugi til nauðþurfta.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Enginn á nokkurn tímann að þurfa að vera án matar á Íslandi og auðvitað þarf að vera viðbragðsáætlun. Covid hefur kennt ýmislegt og skemmst er einnig að minnast þess að í fyrra lenti 3700 manns í

því að fá ekki að borða því góðgerðarsamtök lokuðu. Þetta er áhyggjuefn. Velferðaryfirvöldum ber skylda til að sjá til þess að allir eigi að borða í Reykjavík. Borgarfulltrúa Flokks fólksins finnst alltaf eðlilegast að fólk sem þarfnað aðstoðar til að kaupa mat fái einfaldlega viðskiptakort með þeiri upphæð sem það fær til ráðstöfunar og getur kortið gilt í helstu matvöruverslunum. Þá þarf viðkomandi ekki að koma á einhvern stað hvort sem það eru hjálparsamtök eða matarbanki ef því er að skipta til að fá mat heldur getur viðkomandi haft sjálfðæmi um hvar hann vill versla og hvað. Matarbanki er flóknari útfærsla. Slikt fyrirkomulag þarfnað yfirbyggingar og utanumhalds. Afhending matarkorts er einfaldara fyrirkomulag og tíðkast í mörgum löndum sem við berum okkur saman við. Flokkur fólksins styður efnislega þessar tillögur enda málast við stefnu Flokks fólksins sem var stofnaður m.a. til að berjast gegn fátækt og hlúa að þeim verst settu.

Fulltrúi Sósialistaflokkus Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Þessi tillaga var upphaflega lögð fram á fundi borgarstjórnar þann 5. maí 2020 og þá var samþykkt að vísa henni til meðferðar velferðarráðs og til vinnslu í stýrihóp ráðsins um aðgerðir gegn sárafátaekt. Meirihlutinn ákvað að fella tillögunni á þessum fundi velferðarráðs. Fulltrúi sósialista vill brýna fyrir meirihlutanum að horfast í augun við veruleikann. Á meðan að stjórnvöld vilja ekki hækka lægstu tekjur þeirra sem minnst hafa, þar með talið þeirra sem fá fjárhagsaðstoð greidda er nauðsynlegt að tryggja að enginn sé án matar. Ekkert okkar í samféluginu á að þurfa að búa við svengd og hungur sem að mörg í samféluginu búa því miður við. Það er því leitt að það hafi ekki verið vilji til þess að skoða þessa tillögu nánar og vinna með hana.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Hjálagt:

Umsögn sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 24. júní 2020, um tillögu borgarfulltrúa Sósialistaflokkus Íslands

Lagt fyrir 380. fund velferðarráðs 24. júní 2020
VEL2020050014
RÁ/kg

Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokkss Íslands um að enginn verð án matar.

Á fundi borgarstjórnar þann 5. maí 2020 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sósíalistaflokkss Íslands til meðferðar velferðarráðs og til vinnslu í stýrihóp ráðsins um aðgerðir gegn sárafátækt.

Afleiðingar kórónuveirunnar draga skýrt fram viðkæma stöðu þeirra sem treysta algjörlega á matarúthlutanir. Ef lokað er fyrir þá aðstoð, geta margir ekki leitað neitt annað. Semdæmi má nefna að Mæðratyrksnefnd lokaði, skiljanlega tímabundið, fyrir matarúthlutanir þar sem flestallir sjálfbóðaliðar voru í áhættuhópi. Ábyrgði frir því að mæta grunnpörfum þeirra sem hafa ekki efni á að nærað út mánuðinn, á ekki að vera á höndum utanaðkomandi félaga. Ábyrgðin er stjórnvalda sem þurfa að bregðast við þeirri staðreynd að margir búa við verulegan skort. Þörfin er mikil líkt og sjá má á fjölda þeirra sem sækja um mataraðstoð. Því er lagt til að Reykjavíkurborg leiti til félagasamtaka fólks með reynslu affátækt eftir ráðgjöf og/eða samstarfi um bestu leiðina til þess að koma upp matarbanka, þar sem einstaklingar geta sjálfir valið sér í matinn, eftir því sem er í boði. Í gegnum matarbankann verði hægt að fá fjölbreytt, næringarrikt fæði sem þjónu mismunandi þörfum. Þá muni matarbankinn einnig mæta þörfum þerra sem þurfa magarbirgðir til lengri tíma vegna sóttkvíar eða einangrunar og þeirra sem þurfa heimsandan mat vergna afleiðinga kórónuveirunnar. Í matarbankanum verði einnig boðið upp á nauðsynjavörur til heimilishalds líkt og klósettpappír, hreinlætisvörur til einanota, bleyjur og dósaopnara.

Umsögn:

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1999 kemur fram í 1. gr. að markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar. Í 20. gr. kemur fram skylda sveitarfélags til að veita fjárhagsaðstoð og í 21. gr. segir að sveitarstjórn skuli setja reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar. Núgildandi reglur um fjárhagsaðstoð frá

Reykjavíkurborg voru fyrst samþykktar í velferðarráði 17. nóvember 2010 og í borgarráði 25. nóvember sama ár. Í 1. gr. reglnanna kemur fram að skylt sé að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farboða án aðstoðar. Í reglunum er síðan kveðið frekar á um mat á fjárþörf og útreikning fjárhagsaðstoðar.

Í framlagðri tillögu er lagt til að Reykjavíkurborg leiti til félagasamtaka fólks með reynslu af fátækt eftir ráðgjöf og/eða samstarfi um bestu leiðina til þess að koma upp matarbanka, þar sem einstaklingar geta sjálfir valið sér í matinn, eftir því sem er í boði.

Á Norðurlöndunum hafa félagsþjónustur ekki staðið fyrir tilurð matarbanka þar sem einstaklingar geta sjálfir valið sér í matinn, enda er litið svo á að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga eigi að tryggja að fólk hafi í sig og á. Reykjavíkurborg hefur hins vegar, á grundvelli styrkveitinga velferðarráðs, veitt ýmsum aðilum sem gefa eða deila út mat styrki t.d. Mæðrastyrsnefnd, Fjölskylduhjálpinni, Hjálpræðishernum og Hjálparstarfi kirkjunnar.

Í Oslo í Noregi var opnaður matarbanki árið 2013 að frumkvæði matvælaframleiðenda, hjálparstofnana og matvæla og landbúnaðarráðuneytisins (Food and Agricultural Department). Markmiðið var að styðja við hjálparsamtök sem bjóða mataraðstoð til einstaklinga í þörf sem og að aðstoða matvælaframleiðendur til að draga úr matarsóun. Tilurðin byggði á rannsókn frá 2011 um magn matarsóunar. Matarbankinn var opnaður með styrkjum frá helstu matvælarframleiðendum í Noregi og styrk frá matvæla og landbúnaðarráðuneytinu. Árið 2017 var stofnunin *Food Bank Norway* sett á fót sem eru óhagnaðardrifin regnhlífarsamtök sem styðja við, samhæfa og dreifa fjármagni til annarra matarbanka í Noregi sem eru alls 7 í dag. Samtökin voru upphaflega fjármögnuð af *Kavli Foundation* (rannsóknar- og mannúðarsamtök) og eru enn í dag eða til næstu 3ja ára. Matarbankinn fær einnig styrki frá sveitarfélögum, matvælafyrirtækjum og ýmsum öðrum aðilum. Þessir styrkir mæta um 40% af fjárþörf og þurfa Matarbankar því að tryggja sér það fjárframlag sem uppá vantar. Samkvæmt upplýsingum Matarbankans í Noregi skrifaði ríkisstjórn Noregs undir samstarfssamning um að draga úr matarsóun um 50% fyrir árið 2030 sem hefur stutt mjög við starfsemina.

Matarbankinn fær matvörur frá framleiðendum sem af mörgum ástæðum er ekki hægt að selja en öruggt er að neyta. Stofnanir nýta matvælin til að bjóða uppá máltíðir, afhenda einstaklingum sem á þurfa að halda eða senda heim til fólks. Hjálparsamtök nálgast matvöruna í ákveðin vöruhús og dreifa þeim síðan til þeirra sem á þurfa að halda.

Velferðarsvið telur verkefnið í Noregi mjög athyglisvert og bendir á að þar séu það hjálparsamtokin sjálf og matvælaframleiðendur sem hafa forystu í því. Með því móti má ná fram ákveðinni hagkvæmni og leita leiða til að sporna gegn matarsóun.

Það er hinsvegar mat sviðsins að mikilvægasta hlutverk sveitarfélagsins sé að tryggja lágmarksframfærslu og húsnæðisstuduðning til einstaklinga með fjárfram lagi sem þeir geti ráðstafað sjálfir.